

Ættbók alaskaaspars á Íslandi
I: Safnið frá 1963

Líneik Anna Sævarsdóttir
Úlfur Óskarsson



RANNSÓKNASTÖÐ SKÓGRÆKTAR RÍKISINS

**Rannsóknastöð Skógræktar Ríkisins, Mógilsá
Rit 4(10)**

**Ettbók alaskaaspar á Íslandi
I: Safnið frá 1963**

**Líneik Anna Sævarsdóttir
Úlfur Óskarsson**

**1. útgáfa
Júní 1990**

INNGANGUR

Eins og flestir vita uxu fáar tegundir trjáplantna á Íslandi við landnám. Um síðustu aldamót hófst innflutningur erlendra trjátegunda til landsins. Í fyrstu voru aðeins flutt inn tré frá Norður-Evrópu en upp úr 1930 var farið að horfa til innflutnings frá fjarlægari stöðum eins og vesturströnd Noður-Ameríku (Sigurður Blöndal, 1977). Þaðan hafa nú verið fluttar inn margar tegundir sem eru orðnar sjálfsagður hluti af umhverfi okkar flestra, t.d. alaskaösp (*Populus trichocarpa* Torr. & Gray.). Alaskaösp hefur einkum verið ræktuð til skrauts í görðum. Hún er vinsælt garðtré, vegna þess að hún vex hratt, auðvelt er að fjlöga henni og hún hefur að mestu verið laus við sjúkdóma og sníkjudýr (Jón Gunnar Ottósson, 1983). Að undanförfnu hefur áhugi á asparrækt aukist verulega, einkum vegna áætlana um notkun hennar í nytjaskógrækt (Úlfur Óskarsson, 1990; Jón Gunnar Ottósson, 1989; Þorbergur Hjalti Jónsson og Jón Gunnar Ottósson, 1988).

Ösp var fyrst flutt hingað til lands frá Alaska árið 1944. Á árunum 1947, 1950, 1951 og 1952 var flutt inn meira af aspargræðlingum og eitthvað af fræi. Í öll skiptin var öspinni eingöngu safnað á Kenaiskaga í Alaska og þá aðallega við Kenai Lake sem er stöðuvatn á miðjum skaganum. Árin 1963 og 1985 voru farnir söfnunarleiðangrar til Alaska og safnað víðar en áður hafði verið gert (Brynjólfur Jónsson, 1988). Mest af þessari ösp er alaskaösp en fleiri aspartegundir hefa einnig verið fluttar inn, þar á meðal balsamösp (*Populus balsamifera* L.). Alaskaösp og balsamösp sem báðar eru af undir-ættkvíslinni Tacamahaca (balsamaspir) eru mjög líkar og erfitt að greina þær sundur (Krüssman, 1986).

Hér á landi fannst ein aspartegund, blæösp (*Populus tremula* L.) um svipað leiti og innflutningur erlendra trjátegunda hófst (Hákon Bjarnason, 1983). Hún er af undir-ættkvíslinni Leuce (hvít-og nöturaspir). Alls eru 35 tegundir í asparættkvíslinni (Krüssman, 1986), af þeim aspartegundum sem prófaðar hafa verið hér hefur alaskaösp reynst hvað best og náð mestri útbreiðslu.

Tilefni söfnunarferðarinnar haustið 1963 var það, að vorið 1963 varð trjárækt á Íslandi fyrir áfalli í hreti sem olli miklum skemmdum á trjám á Suðurlandi. Febrúar og mars voru óvenju hlýir, en 9. apríl urðu mjög snögg veðrabrigði er kólnaði um allt að $16,5^{\circ}\text{C}$ á innan við sólarhring. Í þessu hreti fór trjágróður mjög illa, meðal annars kólu aspir illa á svæði frá Borgarfirði með suður ströndinni austur í Hornafjörð. Á þeim svæðum þar sem vetrarhlýindi eru mest, þ.e.a.s. undir Eyjafjöllum, í Fljótshlíð, Ölfusi og í nágrenni Reykjavíkur kól öspin viða alveg niður í rót. Öspin norðan og austanlands slapp betur eða alveg og einnig ösp í uppsveitum Árnessýslu (Haukur Ragnarsson, 1964).

Betta varð til þess að sama ár fór Haukur Ragnarsson í söfnunarleiðangur til Alaska á vegum Skógræktar ríkisins, í leit að kvæmum af alaskaösp og sitkagreni sem hentuðu íslenskum aðstæðum betur en þau kvæmi sem áður höfðu verið flutt inn. Stefnt var að því að finna kvæmi sem þyldu betur milda vetur en þau kvæmi sem skemmdust þá um vorið, þ.e.a.s. kvæmi sem ekki lifna í fyrstu vorhlýindum. Í þeirri ferð var

asparsprotum safnað af stærra og fjölbreyttara svæði en áður hafði verið gert. Alls voru flutt inn 14 kvæmi af ösp og fleiri en eitt klón af hverju kvæmi, (sennilega voru kvæmin a.m.k. 15 (Sigurður Blöndal, 1977), en aðeins eru til skráðar heimildir um uppruna 14 kvæma og líklega hafa ekki komist fleiri í jörð hér). Þetta safn hefur um margt reynst áhugavert. Sum þessara kvæma hafa reynst sérlega vel á Suðurlandi og henta aðstæðum par greinilega betur en gamla öspin frá Kenaískaga. Einnig eru í safninu kvæmi sem hafa reynst ágætlega inn til dala norðanlands.

Upphaflega var aspargræðlingunum komið til í gróðarárarstöð Skógræktarfélags Reykjavíkur í Fossvogi. Árið 1966 voru allar asparplönturnar fluttar að Rannsóknastöð Skógræktar Ríkisins á Mógilsá og gróðursettar í trjáreit, þar sem kvæmum var raðað á skipulegan hátt þannig að auðvelt væri að fylgjast með afdrifum hvers og eins. Árið 1979 var þetta safn eyðilagt vegna framkvæmda við gróðrarstöð Skógræktar ríkisins á Grundarhóli og fóru þar mikil verðmæti og miklar upplýsingar forgörðum. Svo virðist sem safnið hafi verið eyðilagt vegna deilna um landamerki milli gróðrarstöðvarinnar og rannsóknastöðvarinnar á Mógilsá. Fyrir þann tíma var sem betur fer búið að fjölga mörgum klónum úr þessu safni. Nú er þetta safn tvístrað, og það vekur vissulega spurningar um það hverjum sé treystandi til að varðveita trjásöfn sem flutt eru inn með ærinni fyrihöfn og tilkostnaði, og í brýnum tilgangi.

Árið 1968 fékk gróðrarstöð Skógræktarfélags Reykjavíkur í Fossvogi græðlinga af trjám úr safninu, líklega af nokkrum trjám úr hverju kvæmi. Þaðan fékk Skógrækt ríkisins á Tumastöðum græðlinga síðar. Þegar upprunalega safnið var eyðilagt fékk Skógræktarfélag Reykjavíkur eitt eða fleiri tré af flestum kvæmunum og var þeim plantað hjá þeim öspum sem fyrir voru í Fossvogi (Vilhjálmur Sigtryggsson og Ásgeir Svanbergsson, munnlegar upplýsingar). Skógrækt ríkisins á Vögum fékk einnig græðlinga úr safninu á Mógilsá (Ísleifur Sumarliðason, munnlegar upplýsingar). Líkega fékk Skógrækt ríkisins á Hallormsstað líka græðlinga úr safninu á Mógilsá og jafnvel fleiri aðilar.

Til að ná sem bestum árangri við ræktun aspar er nauðsynlegt að þekkja vel þann efnivið sem til er í landinu. Snorri Sigurfinnsson (1987) hefur skrifað um innflutning Balsamaspa til Íslands og Brynjólfur Jónsson (1988) skrifaði um viðarvöxt, vaxtarlag og vaxtarstaði Norður-Amerískra Balsamaspa á Íslandi. Brynjólfur aðgreindi klón úr söfnunum frá 1944, 1947 og 1950 en gerði ekki beinan samanburð á vexti eða vaxtarlagi klóna. Það hefur því lítið sem ekkert verið skrifað um reynslu af mismunandi asparkvæmum og klónum sem eru í ræktun hér á landi. Lengi var talið að við val á trjám til ræktunar hér á landi bæri fyrst og fremst að líta á mun á milli kvæma. Vissulega skiptir þessi munur máli en það ber einnig að hafa í huga að mismunandi eiginleikar klóna eru ekki síður mikilvægir. Það hefur komið í ljós að erfðabreytileiki hjá alaskaösp er mestur á milli einstaklinga en minni milli fjölskyldna og kvæma (Rogers o.fl., 1988).

Haustið 1987 var lauffall hjá öspum á Mógilsá athugað, vegna yfirstandandi athugana Jóns Gunnars Ottóssonar og Bjarna Guðlaugssonar á frostþoli asparkvæma. Í kjölfar þess hófst

skipuleg vinna við aðgreiningu klóna úr asparsafninu frá 1963 og söfnun` upplýsinga um helstu einkenni þeirra. Þessi vinna er nú langt komin.

Hér eru niðurstöður þessara athugana birtar. Það er gert til að tryggja að þekkingin um þetta safn glatist ekki og þessar upplýsingar munu auðvelda val klóna til ræktunar. Hér eru dregnar saman upplýsingar um hversu mörg klón er að finna innan hvers kvæmis og gefnar vísbindigar um þann mun sem er á milli kvæma og klóna úr asparsafninu frá árinu 1963.

AÐFERÐIR

Ekki hefur verið unnið að samanburði kvæma og klóna með tilraunum heldur eru þær upplýsingar sem hér fara á eftir byggðar á athugunum á öspum sem til eru á Mógilsá og Tumastöðum, og munnlegum upplýsingum frá ýmsum sem umgengist hafa þessar aspir.

Á Mógilsá standa aspirnar sem hér verður fjallað um á nokkrum stöðum (2. mynd) en á Tumastöðum eru þær allar í einum reit (4. mynd).

Asparsafninu frá 1963 var snemma dreift á fimm staði á landinu, nú eru aðeins eftir hlutar úr safninu á þessum stöðum. Hjá Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins á Mógilsá eru 12 kvæmi, hjá Skógrækt ríkisins á Tumastöðum eru 8 eða 9 kvæmi, á Vöglum eru 8 kvæmi, á Hallormsstað eru 2 kvæmi og hjá Skógræktarfélagi Reykjavíkur í Fossvogi eru að öllum líkindum til 12 kvæmi (2. tafla). Þetta er ekki allt upphaflega safnið, mörg af upphaflegu klónunum eru líklega glötuð. Þess má einnig geta að talsvert er af yngri trjám sem upprunin eru úr safninu bæði á Mógilsá og Tumastöðum, þar á meðal eru tré sem flutt voru frá Vöglum í Mógilsá árið 1983. Á Tumastöðum eru fleiri tré á svipuðum aldri og þau tré sem fjallað er um hér (4. mynd b), en ekki hafa verið gerðar neinar athuganir á þeim enn sem komið er. Skógræktarfélag Selfoss og Skógrækt ríkisins í Haukadal eru að vinna að því að koma upp söfnum og þar eru nú þegar mörg klón.

Kvæmi. Hugtakið kvæmi (provenance) hefur verið skilgreint á two vegu; annars vegar sem náttúrulegur upprunastaður trés eða hóps af trjám. (The ultimate natural origin of a tree or group of trees) (Wright, 1976: bls. 449). Hins vegar staður þar sem tré vaxa (hvort sem það er náttúrulegur vaxtarstaður eða ekki). (The place in which any stand of trees is growing) (Lines, 1987: bls. 5). Hér er hugtakið kvæmi notað yfir öll tré sem vaxin eru upp af græðlingum frá sama söfnunarstað.

Eins og fram kom hér að ofan voru flutt inn 14 kvæmi af ösp frá Alaska árið 1963. Við komuna til landsins voru þessum kvæmum gefin númer frá 1 til 14 og þau auðkennd með bókstafnum C til aðgreiningar frá öðrum öspum t.d C-1. Við leggjum til að framvegis verði söfnunarár aspanna haft með í númeri kvæma t.d. 63-01. Talan framan við bandstrikið stendur þá fyrir söfnunarár aspanna og kemur í staðin fyrir bókstafinn C. Talan aftan við bandstrikið táknað númer kvæmis og eru það númerin sem kvæmin hafa borið. Í 1. töflu má sjá nöfn söfnunarstaða kvæma, hnattstöðu þeirra og hæð yfir sjó.

Haukur Ragnarsson merkti söfnunarstaðina inn á kort af Alaska. Kortin eru ýmist í mælikvarðanum 1:250.000 eða 1:63.360 og af þeim var hnattstaða og hæð yfir sjó lesin. Á 1. mynd eru söfnunarstaðirnir merktir inn á kort af Alaska.

Útbreiðsla alaskaaspar (Fowells, 1965) nær yfir alla söfnunarstaðina nema Talkeetna og Fitz Creek þar sem kvæmi 63-07 og 63-08 eru upprunin en þar vex hins vegar balsamösp. Susitna, þar sem kvæmi 63-06 er upprunið er nærrri mörkum útbreiðslusvæða balsamaspar og alaskaaspar. Það getur því verið að tré af þessum kvæmum séu balsamaspir.

Klón. Hugtakið klón (clone) er skilgreint sem allar plöntur sem fjölgað er kynlaust af sama einstaklingi og eru sömu arfgerðar þ.e.a.s. eru erfðafræðilega nákvæmlega eins (All plants (ramets) reproduced asexually from a common ancestor (ortet) and having identical genotypes) (Wright, 1976: bls. 441).

Aspir úr safninu frá 1963 hafa verið flokkaðar saman í klón eftir útlitseinkennum svo sem últiti laufblaða, krónulagi, lit og últiti barkar. Einnig er flokkunin byggð á breytileika í laufgun og lauffalli. Þetta eru að sjálfsögðu ekki fullkomnar aðferðir og þó aldrei sé hægt að vera alveg viss um að trén séu af sama klóni, teljum við að það skeiki ekki miklu í þessari flokkun. Mögulegt er að flokkun trjáa saman í klón eigi eftir að breytast eitthvað og klónum eigi þá eftir að fækka frekar en hitt þar sem ekki hefur enn verið unnt að gera nákvæman samanburð á öllum trjám innan hvers kvæmis.

Eins og kom fram hér að ofan hefur hvert kvæmi númer. Klónin eru einnig númeruð, með þriggja stafa tölu sem stendur aftan við númer kvæmis, t.d. 63-01-001. Mörgum klónum hafa að auki verið gefin nöfn. Nöfnin hafa verið gefin til hægðarauka þar sem mörgum þykir betra að munu nöfn en númer.

Hvert einstakt tré hefur númer sem vísar til vaxtarstaðar þess (3. og 5. mynd). Þetta eru númer sem trjánum hafa verið gefin á síðustu árum. Þess má geta að Guðmundur Örn Árnason, fyrrverandi starfsmaður á Mógilsá, gaf trjánum þar númer eftir öðru kerfi. Þetta kerfi er sennilega glatað því það virðist aldrei hafa verið skráð.

Tré sem hafa blómstrað síðustu ár hafa verið kyngreind.

Vöxtur. Trén á Mógilsá og Tumastöðum voru aldursgreind í janúar, febrúar og mars 1990 með því að bora í þau og telja árhringi í borkjarna.

Hæð og þvermál flestra trjánna voru mæld haustið 1988; trén sem standa á hlaðinu á Mógilsá voru þó ekki mæld fyrr en í mars 1990. Þetta eru tré númer 41 - 44 af kvæmi 63-09.

Rúmmál aspanna á Tumastöðum var reiknað út frá þvermáli við jörðu, í 1.3 m hæð (brjóstthæð) og 2 m hæð með jöfnunni:

$$V = ((G_{0m} + G_{2m})/2) * 2 + (G_{2m} * (h - 2) * 1/3)$$

(Philip, 1983).

Þar sem V er rúmmál, G er grunnflötur og h er hæð. Rúmmál aspanna á Mógilsá var reiknað með jöfnunni:

$$V = (G_{1.3m} * h * 0.48) \text{ (Philip, 1983).}$$

Þar sem 0.48 er fasti sem fenginn var með því að taka meðaltal af formtölu aspanna á Tumastöðum. Formtala (f) er reiknuð með jöfnunni:

$$f = V / (h * G_{1.3m}) \text{ (Philip, 1983).}$$

Lagt var mat á vaxtarlag klóna með því að telja hlykki á trjástofni að 3 m hæð. Lagt var mat á útslag þeirra og einkunn gefin miðað við við stærsta hlykkinn. Eftir farandi kvarði var notaður við mat á hlykkjum:

- 1 ef stofninn hliðrast um minna en 1/4 af gildleika, þessir hlykkir sem hverfa að miklu leiti þegar stofninn gildnar.
- 2 ef stofninn hliðrast um 1/4 - 1/2 af gildleika.
- 3 ef stofninn hliðrast um meira en 1/2 af gildleika eða ef tréð hefur fleiri en einn stofn, þessir hlykkir verða alltaf áberandi.

Hlykkir voru metnir á Tumastöðum um leið og trén voru mæld en á Mógilsá í febrúar 1990. Sami maðurinn mat hlykkina í bæði skiptin.

Hlutfallslegur samanburður var gerður á trjám með því að nota klónið 63-09-003 (Pinna) sem viðmiðunartré. Hæð og rúmmál kvæma og klóna var borið saman. Samanburðurinn var gerður þannig að í hæð og rúmmál hvers trés var deilt hæð og rúmmáli viðmiðunartrés (Pinna). Klónið Pinni var valið vegna þess að það vex á öllum stöðunum og er til á mismunandi aldri. Ef tvö tré af Pinna voru á sama stað á sama aldri var hærra tréð notað, það var gert vegna þess að gera verður ráð fyrir að stærra tréð gefi réttari mynd af vaxtargetu klónsins og minna tréð hafi þá orðið fyrir einhverju sem dregur úr vexti þess. Tré númer 2 var notað til viðmiðunar við öll tré á svæði a (2. mynd), tré 45 við tré á svæði d, tré 44 við tré á aldrinum 14-17 ára á svæði b og c og tré 28 við 24 ára tré á svæði b og c. Á Tumastöðum var tré 13 notað til samanburðar við öll trén. Reiknað var meðaltal hlutfallslegrar hæðar og rúmmáls kvæma, meðaltal var reiknað sérstaklega fyrir hvorn vaxtarstað. Einnig var fundið meðaltal hlutfallslegrar hæðar og rúmmáls klóna af kvæmum 63-09, 63-10, 63-12, 63-13 og 63-14.

Laufgun og lauffall. Fylgst var með laufgun og lauffalli hjá trjám af kvæmum 63-09, 63-10 og 63-14 á Mógilsá árið 1988; einnig var fylgst með laufgun og lauffalli hjá einu tré af hverju hinna kvæmannna. Skráð var upphaf laufgunar og lauffalls; vaxtarími í dögum var síðan reiknaður frá upphafi laufgunar til upphafs lauffalls. Hitasumma laufgunardags var reiknuð út með því að leggja saman meðalhita allra daga yfir frostmarki frá 1. febrúar til laufgunardags að báðum dögum meðtöldum.

Vindskemmdir. Sumarið 1988 varð a.m.k. prisvar sinnum það hvasst á Suðvesturlandi að skemmdir urðu á trjám. Þann 17. júní var allhvöss suðaustan átt og henni fylgdi hvöss vestan átt; þá fór věðurhæð yfir 8 vindstig í Reykjavík. Dagana 25.-26. júlí gerði norðaustan átt sem fór yfir 8 vindstig í Reykjavík og 28. ágúst var norðan hvassviðri sem fór yfir 9 vindstig í Reykjavík (Veðrattan, 1988).

Vindskemmdir voru metnar 2. og 5. september 1988, hjá trjám af kvænum 63-09, 63-10 og 63-14. Skemmdirnar voru metnar sem lengd á toppi með sortin lauf eða lauflaus (sjónmat, lengd var ekki mæld). Einnig var hlutfall skemmdra laufa í krónu metið, laufblað var talið skemmt ef minna en 50% af því var eftir á trénu. Trjánnum var gefin einkunn eftir því hversu mikill hluti laufanna á því var skemmdur. Eftirfarandi kvarði var notaður:

- | | | | |
|---|----|--------|----------------------------|
| 1 | ef | 0% | laufa í krónu voru skemmd. |
| 2 | ef | <25% | laufa í krónu voru skemmd. |
| 3 | ef | 25-75% | laufa í krónu voru skemmd. |
| 4 | ef | >75% | laufa í krónu voru skemmd. |

Kalskemmdir. Kalskemmdir voru metnar hjá flestum öspunum á Mógið 16/6 1989. Kalið var metið sem lengd á kölnum toppi (sjónmat). Hér eru aðeins birtar kalskemmdir þeirra klóna sem vindskemmdir voru metnar hjá.

NIÐURSTÖÐUR

Niðurstöður mælinga og athuganna fylgja hér í 3.-6. töflu í viðauka; að auki verður hverju kvæmi lýst með nokkrum orðum og yfirlit gefið yfir valin klón.

Í 3. töflu eru birtar niðurstöður flokkunar trjáa í klón, ásamt númerum klóna og einstakra trjáa. Þar sést að nú eru til að minnsta kosti 89 klón úr asparsafninu frá 1963 á Mógið og Tumastöðum. Í töflunni má sjá kyn klóna, aldur trjáa, vaxtarstað, hæð, grunnflót, rúmmál og fjölda og útslag hlykkja.

Í 4. töflu a. og b. má sjá meðaltöl, hágildi og lágildi hlutfallslegrar hæðar og rúmmáls kvæma og klóna. Þar sést að kvæmi og klón hafa reynst misvel en óhætt er að segja að klón af kvænum 63-09, 63-10 og 63-14 hafi reynst best á þessum tveimur stöðum; einnig hafa nokkur klón af kvænum 63-12 og 63-13 sem reynst vel.

Í 5. töflu birtast niðurstöður athugana á laufgun og lauffalli. Það munar allt að einum mánuði á laufgun og lauffalli aspanna og a.m.k 46 dögum á lengd vaxtaríma.

Í 6. töflu eru niðurstöður athugana á vind- og kalskemmdum. Þar sést að það eru oft sömu trén sem skemmast af vind og kali.

UMFJÖLLUN UM KVÆMI OG KLÓN

Kvæmi 63-01 er upprunið við þorpið Valdez (1. tafla) sem er nokkuð frá sjó. Af þessu kvæmi eru 9 tré á Mógilsá af 5 klónum, en þetta kvæmi er ekki til á Tumastöðum. Þessi tré hafa ekki reynst vel á Suðurlandi; þau eru öll frekar lágvaxin og grannvaxin. Trén lifna snemma á vorin og er því hætt við vorkali.

Kvæmi 63-02 kemur frá Tsina sem er 70-80 km norðaustan við þorpið Valdez og fjær sjó. Þetta kvæmi er líklega alveg útdautt hér á landi.

Kvæmi 63-03 var safnað á Kodiakeyju og er suðlægasta kvæmið af þessum 14. Af þessu kvæmi eru 7 tré á Mógilsá sem öll eru af sama klóninu. Trén eru fremur lágvaxin, grannvaxin og ekki beinvaxin. Þetta kvæmi hefur stuttan vaxtaríma hér, er ekki vindþolið og hefur því ekki reynst vel.

Kvæmi 63-04 er upprunið inni í landi á Kenaiskaga á svipuðum slóðum og gömlu kvæmin sem flutt voru inn fyrir 1963. Af þessu kvæmi eru aðeins til tvö tré á Mógilsá og tilheyra þau sitt hvoru klóninu. Þau eru einstaklega léleg; lágvaxin, margstofna og kræklótt.

Kvæmi 63-05 er einnig frá Kenaiskaga en var safnað við ströndina. Af þessu kvæmi eru 7 tré á Mógilsá sem eru af tveimur klónum, þessi tré eru hvorki hávaxin né gild en vaxa þó mun betur og eru beinni en tré af kvæmi 63-04.

Kvæmi 63-06 er frá þorpinu Susitna við ána Susitna. Á Mógilsá eru 5 tré af þessu kvæmi sem tilheyra 3 klónum. Á Tumastöðum eru einnig 6 tré en ekki hefur verið gerð athugun á því hversu mörg klón eru þar. Þessi tré laufgast snemma á vorin og er því hætt við vorkali, þau eru tiltölulega lágvaxin, grannvaxin og oft margstofna. Tré af þessu kvæmi hafa reynst vel norðanlands (Ísleifur Sumarliðason, munnlegar upplýsingar).

Kvæmi 63-07 er frá Talkeetna við ána Susitna sem er mun lengra inni í landi en kvæmi 63-06. Á Tumastöðum eru 5 tré sem talin eru vera af þessu kvæmi, það er þó ekki alveg víst að þau séu það; trén komu upphaflega frá Skógræktarfélagi Reykjavíkur, Fossvogi í kringum 1970. Þar dóu öll tré af kvæmi 63-07 árið 1968, sama ár og þeim var plantað. Síðan þá hafa ekki verið til tré af kvæmi 63-07 þar, hins vegar eru tré af kvæmi 63-08 í reitnum sem kvæmi 63-07 var upphaflega ætlaður (Skógræktarfélag Reykjavíkur, óbirt gögn). Trén á Tumastöðum eru hvorki hávaxin né sver og ekki hægt að segja að þau hafi reynst vel. Ekki hefur verið gerð athugun á því hversu mörgum klónum þau tilheyra. Áður en upprunalega safnið á Mógilsá var eyðilagt voru öll tré af kvæmi 63-07 dauð og það eina sem nú er til er af þessu kvæmi þar eru trén sem flutt voru frá Vöglum árið 1983. Safnið á Vöglum hlýtur því að hafa komið frá Mógilsá áður en kvæmið dó út þar. Líklega er þetta kvæmi ekki lengur í safninu á Vöglum.

Kvæmi 63-08 er frá Fitz Creek á Alaskaskaga, þar virðist græðlingum hafa verið safnað á tveim eða fleiri stöðum; sumir græðlingarnir virðast hafa verið teknir við ströndina en aðrir nokkuð inn í landi. Af þessu kvæmi eru 7 tré á Mógilsá sem tilheyra 7 klónum, og á Tumastöðum eru 13 tré en ekki er vitað hversu mörg klón eru þar. Klónin eru mjög breytileg í úliti og vexti. Meðal annars eru klón sem minna mjög á klón af kvæmi 63-10 í úliti þ.e.a.s þau eru grófgerð og stuttsprotar eru áberandi. Flest trén eru lágvaxin, grannvaxin og ekki beinvaxin, þó eru til stærri og beinvaxnari klón t.d. klón 63-08-007 Garri.

Kvæmi 63-09 er frá Cordova Flats sem er við sjó. Af því kvæmi eru 41 tré á Mógilsá sem tilheyra 28 klónum og á Tumastöðum 17 tré af 13 klónum, en alls eru þetta 33 klón. Klónin hafa reynst misjafnlega; allmörg hafa reynst vel.

Klón 63-09-001 Oddný. Á Mógilsá eru til 5 tré af þessu klóni. Það hefur mikinn rúmmálsvöxt, er vindþolið, en er hvorki beinvaxið né öruggt að vori. Börkurinn er ljósbrúnn á litinn og laufblöðin stór.

Klón 63-09-002 Karl. Á Mógilsá er aðeins til eitt tré af þessu klóni. Það er hraðvaxið, rúmmálsmikið, vindþolið, en hvorki beinvaxið né öruggt að vori.

Klón 63-09-003 Pinni. Af þessu klóni eru til 6 tré á Mógilsá og 1 á Tumastöðum. Þetta er beinvaxið klón, öll trén bein upp í topp, tiltölulega grannt, hæðarvöxtur ágætur, það er vindþolið en ekki öruggt að vori. Börkurinn er flekkóttur ljósgrænn og ólívugrænn, ljósgræni liturinn er í bunnri húð yst og þar sem hann flagnar af kemur ólívugræni liturinn í ljós. Þetta klón er nú í fjölgun í gróðrarstöðinni í Auðsholti V, Hrunamannahreppi.

Klón 63-09-005 Linda. Á Mógilsá er aðeins til eitt tré af þessu klóni. Það er hraðvaxið, vindþolið en hvorki beinvaxið né öruggt að vori. Laufblöðin eru stór og áberandi dökkgræn.

Klón 63-09-015 Hlaða. Af þessu klóni eru til tvö tré, eitt á Mógilsá og annað á Tumastöðum. Það er hraðvaxið, vindþolið, öruggt að vori, en ekki beinvaxið. Börkurinn á þessu tré er áberandi ljós á litinn og laufblöðin sérlega stór.

Klón 63-09-018 Húsa. Af þessu klóni eru til tvö tré, eitt á Mógilsá og annað á Tumastöðum. Það er hraðvaxið, tiltölulega beinvaxið, vindþolið og en ekki öruggt að vori. Börkurinn er þykkur og mikið sprunginn langt upp eftir stofninum. Geinarnar mynda gleitt horn við stofninn.

Þó ekki sé fjallað um fleiri klón af þessu kvæmi hér, hafa mörg þeirra reynst vel en svo eru önnur lakari.

Kvæmi 63-10 var safnað á óshólmum "Koparár" (Copper River Delta) nærri Cordova. Á Mógilsá eru 32 tré af þessu kvæmi sem tilheyra 10 klónum og á Tumastöðum eru 14 sem tilheyra 4 klónum, alls eru þetta 11 klón. Mörg klón af þessu kvæmi fara það seint af stað á vorin að þeim er ekki hætt við vorkali og vaxa þar að auki vel. Þetta kvæmi virðist vera einna útbreiddast af safninu frá 1963. Grófar greinar og áberandi

stuttsprotar einkenna flest klónin.

Klón 63-10-001 Brekkan. Alls eru til mælingar á 13 trjám af þessu klóni, 7 á Mógilsá og 6 á Tumastöðum. Það hefur marga kosti, er beinvaxið, hraðvaxið, vindþolið og öruggt að vori. Börkurinn er ljósgrágrænn. Því hefur talsvert verið fjölgæð og má sjá þetta klón all víða á Suðurlandi m.a. á Mógilsá, Tumastöðum og Gunnarsholti á Rangárvöllum. Petta klón er nú í fjölgun í Ræktunarmiðstöðinni í Hveragerði.

Klón 63-10-002 Iðunn. Alls er fjallað um 13 tré af þessu klóni hér, 8 á Mógilsá og 5 á Tumastöðum. Petta klón hefur einnig marga kosti, er beinvaxið, hraðvaxið, vindþolið og öruggt að vori þó það lifni heldur fyrr en Brekkan. Því hefur einnig verið fjölgæð talsvert og virðist oft fylgja klóni 63-10-001 Brekkan. Börkurinn er brúnn að lit og algengt er að blaðstilkar séu rauðleitir. Iðunn er nú í ræktun í gróðrarstöðvunum í Hvammi II á Flúðum, Auðsholti V, í Hrunamannahreppi, Laugarströnd á Laugarvatni og Engi í Laugarási.

Klón 63-10-003 Langbrók. Af þessu klóni eru til 2 tré á Mógilsá. Þau eru hávaxin, en grannvaxin og hvorki beinvaxin né örugg að vori. Petta klón er ekki eins grófgert og flest önnur klón af þessu kvæmi. Börkurinn er gráleitur og greinar ná langt niðureftir stofni.

Klón 63-10-004 Laufey. Af þessu klóni eru til 5 tré á Mógilsá og 1 á Tumastöðum. Það er hvorki hraðvaxta, beinvaxið né öruggt að vori en er vindþolið. Reyndar má geta þess að flest trén standa á slæmum vaxtarstað í vesturenda skjólbeltisins (2. mynd a) á Mógilsá þar sem næðingur er mikill. Petta klón hefur grófar og tiltölulega fáar greinar.

Klón 63-10-005 Keisari. Á Mógilsá eru til tvö tré af þessu klóni auk yngri trjá sem ekki er fjallað um hér. Það er beinvaxið, öruggt að vori, vindþolið, en ekki hraðvaxið. Keisari hefur sérlega grófa sprota og sver brum sem má yfirleitt þekkja hann á. Keisara hefur verið fjölgæð hjá Skógræktarfélagi Reykjavíkur í nokkur ár; þar hefur hann verið seldur undir nafninu Kóngur.

Klón 63-10-006 Haukur. Á Mógilsá eru til 4 tré af þessu klóni. Petta klón hefur marga kosti er hraðvaxið, beinvaxið, vindþolið og öruggt að vori. Börkurinn er svarbrúnn og krónan mikil um sig. Haukur er nú í fjölgun í gróðrarstöðinni Engi í Laugarási.

Klón 63-10-009. Af þessu klóni eru til tvö tré á Tumastöðum. Þessi tré hafa ágætan hæðarvöxt en eru grannvaxin. Þau eru beinvaxin en ekki er vitað hvort þau eru örugg að vori eða vindþolin.

Klón 63-10-010. Aðeins er til eitt tré af þessu klóni á Mógilsá. Það líkist klóni 63-10-004 en er karlkyns. Það er hvorki hraðvaxta, beinvaxið né öruggt að vori en er vindþolið.

Klón 63-10-012 Búi. Aðeins er til 1 tré af þessu klóni og það hvorki hraðvaxið, beinvaxið né öruggt að vori. Reyndar er þetta tré á mjög slæmum stað í vesturenda skjólbeltisins á Mógilsá (svæð a, 3. mynd).

Klón 63-10-007 og -008 standa bæði í röð af trjám af kvæmi 63-10 en það er ekki víst að þau tilheyri því kvæmi.

Kvæmi 63-11 er frá Miles Lake af svipuðum slóðum og kvæmi 63-09 og 63-10 en fjær sjónum. Af þessu kvæmi eru 6 tré á Mógilsá og tilheyra þau 4 klónum, á Tumastöðum eru einnig 6 tré en ekki er vitað hversu mörgum klónum þau tilheyra. Trén laufgast snemma, og er því hætt við vorkali, þau eru frekar lágvaxin og stofninn ekki beinn.

Kvæmi 63-12 er frá Dangerous River nærri Yakutat. Aðeins er eitt tré á Mógilsá en á Tumastöðum eru 13 tré af 9 klónum, tréð á Mógilsá tilheyrir 10. klóninu. Trén á Tumastöðum eru flest bæði hávaxin og rúmmáls mikil en misjafnlega beinvaxin. Tréð á Mógilsá er hins vegar bæði lítið og hlykkjótt. Það er full ástæða til að athuga flest klónin á Tumastöðum betur.

Kvæmi 63-13 er frá Harlequin Lake nærri Yakutat en fjær sjó 63-12. Af þessu kvæmi eru 11 tré á Mógilsá sem tilheyra 5 klónum, á Tumastöðum eru 8 tré af 5 klónum; alls 9 klón. Klón af þessu kvæmi hafa reynst misvel, þau eru nokkuð hávaxin en hvorki bein né rúmmálsmikil utan eitt.

Klónið 63-13-002 Depill. Þetta klón hefur reynst vel, af því eru til tvö tré Tumastöðum. Þau eru bæði hávaxin, gild og beinvaxin. Ekki er vitað hvort það er öruggt að vori. Depill er nú í fjölgun í gróðrarstöðinni Laugarströnd á Laugarvatni.

Kvæmi 63-14 er frá Yakutat. Á Mógilsá eru 18 tré af þessu kvæmi sem tilheyra 9 klónum og á Tumastöðum eru 12 tré af 10 klónum, alls 17 klón. Klón af þessu kvæmi lifna flest það snemma að vori að þeim er hætt við vorkali en þau eru mörg bæði hraðvaxin og vindþolin. Stærstu trén á Mógilsá eru af þessu kvæmi og á Tumastöðum eru tré af þessu klóni meðal þeirra allra stærstu.

Klón 63-14-001 Fursti. Aðeins er eitt tré af þessu klóni á Mógilsá. Það er hraðvaxið en hvorki beinvaxið né vindþolið.

Klón 63-14-002 Súla. Það eru til 7 tré af þessu klóni; 5 á Mógilsá og 2 á Tumastöðum. Það er hraðvaxið, vindþolið en ekki altaf beinvaxið; trén á Tumastöðum eru bein en á Mógilsá eru þau misjöfn. Börkurinn er dökkur og sprunginn dálitið rauðleitur neðan til á stofni. Er nú í fjölgun á Laugarströnd við Laugarvatn.

Klón 63-14-004 Salka. Aðeins er eitt tré af þessu klóni á Mógilsá. Það er hraðvaxið, beinvaxið og vindþolið. Salka er nú í fjölgun í Hvammi á Flúðum, Laugarströnd við Laugarvatn og Ræktunarmiðstöðinni í Hveragerði.

Klón 63-14-010 Jóra. Af þessu klóni eru til 5 tré öll á Mógilsá. Það er hraðvaxið, vindþolið en ekki beinvaxið. Jóru hefur verið fjölgæð hjá Skógræktarfélagi Reykjavíkur frá því árið 1984.

Fleiri klón af kvæmi 63-14 eru athygli verð t.d. eru klón 63-14-012, 63-14-013, 63-14-014 og 63-14-015 öll bæði hávaxin og rúmmáls mikil. Þessi klón eru eingöngu til á Tumastöðum.

Fræplöntur. Sumarið 1989 var fræi safnað af 9 klónum (63-09-001 Oddný, 63-09-005 Linda, 63-09-014 Tanna, 63-10-002 Iðunn, 63-10-003 Langbrók, 63-10-004 Laufey, 63-14-002 Súla, 63-14-007 Kryppa og 63-14-010 Jóra) á Mógilsá, því var sáð í

ágúst og verður væntanlega plantað sumarið 1990. Sum þessi fræ þroskuðust eftir stýrða frjóvgun og því er faðir einnig þekktur en önnur eiga óþekktan faðir. Sumarið 1983 og sumarið 1988 var fræi safnað á Tumastöðum; 1988 var safnað af 4 klónum (63-09-015 Hlaða, 63-10-002 Íðunn, 63-10-004 Laufey og 63-14-002 Súla) þar.

UMRÆÐA

Hér að framan kemur greinilega fram að kvæmin úr asparsafninu frá 1963 reynast mis vel. Einnig kemur það glögglega í ljós að klón af sama kvæmi eru breytileg; góð kvæmi geta innihaldið léleg klón þannig að við val á öspum til ræktunar borgar sig að athuga vel hvernig klón hafa reynst.

Mikilvægt er að viðhalda fjölbreytileika klóna því erfðabreytleikinn er meiri milli einstaklinga en kvæma (Rogers o.fl., 1988). Ef prófa á eiginleika eins kvæmis verður því að prófa sem flesta einstaklinga. Það ber einnig að varast að telja kvæmi fullreynt á tilteknum stað ef aðeins hafa verið reyndir fáir einstaklingar. Breytileikinn í asparsafninu frá 1963 er mikill eða a.m.k. 89 klón. Það verður að gæta þess að varðveita þessa fjölbreytni, þ.e.a.s. gæta þess að halda öllum þeim klónum lifandi sem enn eru til. Klón sem reynast illa á Mógilsá og Tumastöðum geta hentað vel annars staðar eins og reynslan af kvæmi 63-06 bendir til. Klón geta t.d. haft mismunandi mikla móttöðu gegn sjúkdómum og mismunandi þol gengn óenjulegu árferði. Klónasöfn þyrfti að varðveita í heild sinni á fleiri en einum stað á landinu þar sem loftslagsskilyrði eru ólík; það gæti hugsanlega komið í veg fyrir að klón eða heil kvæmi deyi út. Einnig þyrftu að vera fleiri en eitt tré af hverju klóni þannig að slys á einu tré geti ekki eytt heilu klóni. Sá sem tekur að sér varðveislu slíks safns verður að gera sér grein fyrir verðmæti þeirra grundvallar upplýsinga sem klónasafn er.

Hafa verður í huga að ekki var unnið að samanburði kvæma og klóna með tilraunum heldur voru gerðar athuganir á misgömlum trjám á nokkrum stöðum á Mógilsá og á Tumastöðum. Samanburð klóna ber því að taka með ákveðnum fyrirvara þar sem aðstæður á mismunandi vaxtarstöðum eru mjög breytilegar. Úr þessum mun er reynt að draga með hlutfallslegum samanburði klóna. En það dugir ekki alltaf til; t.d. eru aðstæður í skjólbeltinu á Mógilsá (3. mynd a) mjög mismunandi eftir því hvort trén standa í vesturendenum eða í miðju belti, trén sem standa á hlaðinu næst stöðvarhúsinu á Mógilsá eru í miklu skjóli, trén standa mis þétt og sum hafa takmarkað vaxtarrými og svona mætti lengi telja.

